

Miðvikudaginn 21. október 1970.

Nr. 52/1970.

Stefán Karlsson

Karl Stefánsson og

Stefán Stefánsson

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)

gegn

Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðjunnar

(Hrafnkell Ásgeirsson hrl.)

og

Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar

gegn

Stefáni Karlssyni

Karli Stefánssyni og

Stefáni Stefánssyni

og til réttargæzlu

Ólafi Haraldssyni (Haukur Jónsson hrl.)

Snorra Halldórssyni (enginn)

Gunnari Snorrasyni (enginn)

Rudolf Ásgeirssyni (Magnús Thorlacius hrl.)

Sólborgu Marinósdóttur

(Magnús Thorlacius hrl.)

Inga B. Ársælssyni (enginn)

Sigurði Guðmundssyni (enginn)

Antoni Guðmundssyni (enginn)

Byggingarnefnd Laugardalshrepps (enginn)

Hreppsnefnd Laugardalshrepps (enginn)

Jóhanni Sveinbjörnssyni (enginn)

Soffíu Vilhjálmisdóttur (enginn) og

Ólafi Jónassyni (enginn).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Einar Arnalds, Benedikt Sigurjónsson, Gizur Bergsteinsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann Snævarr.

Landamerkjамál. Ómerking. Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 11. marz 1970 og gert þessar dómkröfur:

Aðallega, að aðaláfrýjendur verði sýknaðir af öllum kröfum gagnáfrýjanda í aðalsök og gagnsök.

Til vara, að málinu verði vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.

Málskostnaðar er krafizt úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 2. apríl 1970 og gert þessar dómkröfur:

Aðallega, að aðaláfrýjandi Stefán Karlsson verði dæmdur til þess að veita gagnáfrýjanda umferðarrétt um veg þann, sem Stefán lagði á árinu 1966 fyrir sunnan land sitt í Stekkártungu úr Snorrastaðalandi, Laugardal, Árnessýslu, og upp með því að austan að landi Soffíu Vilhjálmisdóttur, og aðaláfrýjendur, Stefán Karlsson, Karl og Stefán Stefánssynir, verði dæmdir til þess að viðlögðum 500 króna dagsektum að vísa gagnáfrýjanda á vegarstæði frá vegi þessum yfir lönd sín og upp að landi Ólafs Haraldssonar, en þar liggi vegurinn á eystri bakka Vestari Stekkár upp að landspildu þeirri, sem gagnáfrýjandi keypti af aðaláfrýjanda Stefáni Karlssyni með kaupsamningi, dags. 22. september 1965, og afsali 29. s. m., enda reynist hið ávísaða vegarstæði, ef ágreiningur verður, sambærilegt að mati dómkvaddra manna við hið áður fyrirhugaða vegarstæði á vestari bakka Eystri Stekkár samkvæmt afsali, dags. 29. september 1965.

Til vara, að aðaláfrýjandi Stefán Karlsson verði dæmdur til þess að láta gagnáfrýjanda í té vegarstæði frá landspildu þeirri, er gagnáfrýjandi keypti af honum með kaupsamningi, dags. 22. september 1965, og afsali 29. s. m., á eystri bakka Vestari Stekkár og á bakkanum vestan við skurð þann, sem m. a. takmarkar eignarland Sigurðar Guðmundssonar að vestan, en þaðan að Vestari Stekká. Á hendur aðaláfrýjendum Stefáni og Karli Stefánssonum eru gerðar þær kröfur, að þeir verði dæmdir til að þola umferðarrétt gagnáfrýjanda gegnum lönd þeirra á eystri bakka Vestari Stekkár.

Til þrautavara, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur, að því er varðar aðaláfrýjendur, og að aðaláfrýjendur verði

dæmdir in solidum til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Til þrautaprautavara, að aðaláfrýjendur, Stefán Karlsson og Karl og Stefán Stefánssynir, verði dæmdir til þess að viðlögðum 500 króna dagsektum að vísa gagnáfrýjanda á vegarstæði yfir land það, sem Stefán Karlsson átti hinn 29. september 1965 og var þá heimildarmaður að, frá landi gagnáfrýjanda að vegi Jóhanns Sveinbjörnssonar, Snorrastöðum, er liggur vestan Vestari Stekkár frá þjóðvegi, enda reynist hið ávísaða vegarstæði, ef ágreiningur verður, eigi lakara að mati dómkvaddra manna en hið áður fyrirhugaða vegarstæði samkvæmt afsali, dags. 29. september 1965.

Þá eru þær dómkröfur gerðar á hendur aðaláfrýjendum, Stefáni Karlssyni og Karli og Stefáni Stefánssonum, að þeir verði in solidum dæmdir til þess að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir báðum dómum.

Dómkröfur gagnáfrýjanda mundu eigi leiða til nægilega ákveðins dóms, ef til greina væru teknar. Þær brjóta og gegn 2. mgr. 137. gr. laga nr. 85/1936, að því er krafðar matsgerðir varðar. Vegna framkominnar gagnrýni hefur umboðsmaður gagnáfrýjanda í málflutningi fyrir Hæstarétti orðað kröfur sínar þannig:

Aðallega, að aðaláfrýjendur, Stefán Karlsson, Karl og Stefán Stefánssynir, verði dæmdir til að láta gagnáfrýjanda í té vegarstæði eftir nánari ákvörðun Hæstaréttar um staðsetningu, 8 metra breitt eða aðra breidd eftir mati réttarins, frá vegi Jóhanns Sveinbjörnssonar bónda, Snorrastöðum, Laugardal, Árnessýslu, vestan Vestari Stekkár, yfir lönd aðaláfrýjenda, Stefáns Karlssonar, Karls og Stefáns Stefánssona, í Stekkártungu úr landi Snorrastaða, Laugardal, þar með talda landspildu þá, sem Ólafur Haraldsson hefur girt af, upp að landi gagnáfrýjanda í Stekkártungu, *en til vara*, að Hæstiréttur ákveði vegarstæði upp að áðurgreindri landspildu, sem Ólafur Haraldsson hefur girt af.

Þá er þess krafizt, að aðaláfrýjendur verði in solidum dæmdir til þess að greiða gagnáfrýjanda málskostnað að skaðlausu fyrir báðum dómum.

Á hendur réttargæzlustefndu eru ekki gerðar neinar kröfur.

Af hendi réttargæzlustefndu Rudolfs Ásgeirssonar og Sólborgar Marínósdóttur eru þær dómkröfur gerðar, að vegarstæði það, sem í málinu greinir, verði ákveðið rauða línar á hdskj. 27 og að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Af hendi annarra réttargæzlustefndu hafa eigi verið hafðar uppi kröfur.

Í dómi Hæstaréttar, uppkveðnum 20. júní 1969, segir:

„Samkvæmt gögnum málsins er aðaláfrýjanda skylt að veita gagnáfrýjanda aðstöðu til umferðar að landi sínu, en slíkt virðist eigi unnt, nema veita gagnáfrýjanda umferðarrétt um lönd aðilja, sem aðaláfrýjandi hefur leigt eða selt landspildur á svæði þessu. Réttthöfum þessara landspildna hefur þó eigi verið stefnt í málinu til að þola slíkan umferðarrétt eða gæta réttar síns. Verður því í máli þessu eigi lagður dómur á það, hvort aðaláfrýjandi geti fullnægt framangreindri skyldu eftir aðalefni sínu.

Samkvæmt þessu og eins og kröfugerð máls þessa er háttað, er meðferð þess eigi að lögum og málið vanreifað. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi“.

Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu, að réttargæzlustefnda Ólafi Haraldssyni sé eigi skylt að þola umferð um leiguland sitt né láta í té vegarstæði án samnings. Sýknaði dómurinn því Ólaf Haraldsson. Hins vegar dæmdi sami dómur aðaláfrýjanda Stefán Karlsson til þess að viðlögðum 500 króna dagsektum að afla gagnáfrýjanda réttar til umferðar og vegarlagningar um leiguland réttargæzlustefnda Ólafs Haraldssonar, sem hefði gefið kost á slíkri umferð með aðgengilegum kjörum. Sýknudómi réttargæzlustefnda Ólafs Haraldssonar hefur eigi verið áfrýjað af gagnáfrýjanda.

Dómkröfur gagnáfrýjanda í héraði og upphaflega fyrir Hæstarétti voru eigi nægilega ákveðnar og vísuðu í Hæstarétti til mats, er andstætt væri 2. mgr. 137. gr. laga nr. 85/1936. Héraðsdómurinn dæmir aðaláfrýjanda Stefán Karlsson til þess að viðlögðum dagsektum að afla gagnáfrýjanda með

samningi við Ólaf Haraldsson umferðarréttar um leiguland Ólafs. Eigi verður fullyrt fyrirfram, hvernig slíkri samningsgerð reiddi af. Er því ákvörðun dagsekta ófær lausn. Mál þetta hefur þannig eigi enn fengið þá meðferð, að dómur verði lagður á það. Ber því að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og málsmeðferð og vísa málinu frá héraðsdómi.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti á að falla niður.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og málsmeðferð eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti á að fella niður.

Dómur aukadómpings Árnassýslu 14. janúar 1970.

Ár 1970, miðvikudaginn 14. janúar, var í aukadómpingi Árnassýslu, sem haldið var á þingstað Laugardalshrepps að Laugarvatni af sýslumanni Páli Hallgrímssyni og meðdómsmönnum Eiríki Eyvindssyni rafvirkjameistara og Arnóri Karlssyni bónda kveðinn upp dómur í málinu nr. 53/1969: Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar gegn Stefáni Karlssyni og fleirum, en málið var þingfest hinn 15. júlí 1969 og dómtekið eftir munnlegan flutning hinn 13. desember 1969.

Mál þetta hefur stefnandi, Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar, Reykjavík, höfðað með stefnu, útgefinni 25. júní 1969, á hendur stefndu, Stefáni Karlssyni rafvirkja, Víðihvammi 14, Kópavogi, Karli Stefánssyni, s. st., Stefáni Stefánssyni s. st., Ólafi Haraldssyni, Hrauntungu 36, Kópavogi, og Jóhanni Sveinbjörnssyni bónda, Snorrastöðum. Með sömu stefnu er stefnt til réttargæzlu í málinu þeim Snorra Halldórssyni, Karfavogi 24, Reykjavík, Gunnari Snorrassyni, Ljósheimum 18, Reykjavík, Rudolf Ásgeirssyni og Sólborgu Marinósdóttur, Laugarnesvegi 116, Reykjavík, Inga B. Ársælssyni, Skaftahlíð 14, Reykjavík, Sigurði Guðmundssyni, Gnoðarvogi 82, Reykjavík, Antoni Guðmundssyni, Hvassaleiti 8, Reykjavík, Þórarni Stefánssyni byggingarfulltrúa, Laugarvatni, f. h. byggingarnefndar Laugardalshrepps og Magnúsi Böðvarssyni oddvita, Laugarvatni, f. h. hreppnefndarinnar. Með stefnu, útgefinni 28. júlí 1969, stefndi stefnandi einnig til réttargæzlu þeim Soffíu Vilhjálmisdóttur, Skeggjagötu 12, og Ólafi Jónassyni, Safamýri 15, báðum í Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda samkvæmt stefnunni frá 25. júní 1969 eru þessar:

„Gerir stefnandi þær dómkröfur, aðallega að stefndi Stefán Karlsson verði dæmdur til þess að veita stefnanda umferðarrétt um veg þann, sem Stefán lagði á árinu 1966 fyrir sunnan land sitt og upp með því að austan upp að landi Soffíu Vilhjálmsdóttur, og að stefndu Stefán Karlsson og Karl og Stefán Stefánssynir verði dæmdir til þess að viðlögðum 500 króna dagsektum að vísa stefnanda á vegarstæði frá vegi þessum yfir lönd sín upp að landi Ólafs Haraldssonar, en þar liggi vegurinn á eystri bakka Vestari Stekkár upp að landspildu þeirri, sem stefnandi keypti af stefndum Stefáni Karlssyni með kaupsamningi, dags. 22. sept., og afsali 29. s. m. Eru gerðar þær kröfur á hendur Ólafi Haraldssyni, að hann verði dæmdur til þess að þola umferðarrétt stefnanda yfir land Ólafs á eystri bakka Vestari Stekkár.

Til vara er þess krafizt, að stefndur Stefán Karlsson verði dæmdur til þess að láta stefnanda í té vegarstæði frá landspildu þeirri, er stefnandi keypti af honum með kaupsamningi 22. sept. 1965 og afsali 29. s. m. á eystri bakka Vestari Stekkár og á bakkanum vestan við skurð þann, sem m. a. takmarkar eignarland Sigurðar Guðmundssonar að vestan að Vestari Stekká. Á hendur Ólafi Haraldssyni og Stefáni og Karli Stefánssonum eru gerðar þær kröfur, að þeir verði dæmdir til þess að þola umferðarrétt stefnanda gegnum lönd þeirra á eystri bakka Vestari Stekkár.

Á hendur Jóhanni Sveinbjörnssyni bónda, Snorrastöðum, er gerð sú krafa, að viðurkenndur verði umferðarréttur stefnanda um veg þann í landi hans (Jóhanns), er liggur frá þjóðvegi vestan Vestari Stekkár og að landi Stefáns Karlssonar austan árinna.

Þá er gerð sú krafa á hendur Stefáni Karlssyni og Karli og Stefáni Stefánssonum, að þeir verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati hins virðulega dóms.

Áskilinn er réttur til þess í sérstöku máli að krefja stefndu Stefán Karlsson, Karl Stefánsson og Stefán Stefánsson in solidum um bætur fyrir allt það tjón, sem stefnandi hefur orðið fyrir af völdum þeirra.

Áskilinn er réttur til þess að breyta kröfugerð í málinu síðar, ef ástæða þykir til“.

Samkvæmt réttargæzlustefnunni frá 28. júlí 1969 eru engar kröfur gerðar.

Við munnlegan flutning málsins breytti stefnandi kröfum sín-

um án nokkurra athugasemda af hálfu stefndu og færði þær í það horf, sem hér greinir:

„Stefnandi gerir þær dómkröfur, *adallega* að stefndur Stefán Karlsson verði dæmdur til þess að veita stefnanda umferðarrétt um veg þann, sem Stefán lagði á árinu 1966 fyrir sunnan land sitt og upp með því að austan að landi Soffiu Vilhjálmisdóttur, og að stefndu Stefán Karlsson og Karl og Stefán Stefánsynir verði dæmdir til þess að viðlögðum 500 króna dagsektum að vísa stefnanda á vegarstæði frá vegi þessum yfir lönd sín upp að landi Ólafs Haraldssonar, en þar liggi vegurinn á eystri bakka Vestari Stekkár upp að landspildu þeirri, sem stefnandi keypti af stefndum Stefáni Karlssyni með kaupsamningi, dags. 22. sept. 1965, og afsali 29. s. m., enda reynist hið ávísaða vegarstæði, ef ágreiningur verður, sambærilegt að mati dómkvaddra manna við hið áður fyrirhugaða vegarstæði á vestari bakka Eystri Stekkár samkvæmt afsali, dags. 29. sept. 1965. Á hendur Ólafi Haraldssyni eru gerðar þær kröfur, að hann verði dæmdur til þess að þola umferðarrétt stefnanda yfir land Ólafs á eystri bakka Vestari Stekkár.

Til vara er þess krafizt, að stefndur Stefán Karlsson verði dæmdur til þess að láta stefnanda í té vegarstæði frá landspildu þeirri, er stefnandi keypti af honum með kaupsamningi 22. sept. 1965 og afsali 29. s. m. á eystri bakka Vestari Stekkár og á bakk-anum vestan við skurð þann, sem m. a. takmarkar eignarland Sigurðar Guðmundssonar að vestan, en þaðan að Vestari Stekká. Á hendur Ólafi Haraldssyni og Stefáni og Karli Stefánssonum eru gerðar þær kröfur, að þeir verði dæmdir til þess að þola umferðarrétt stefnanda gegnum lönd þeirra á eystri bakka Vestari Stekkár.

Til þrautavara að stefndu Stefán Karlsson og Karl og Stefán Stefánsynir verði dæmdir til þess að viðlögðum 500 króna dagsektum að vísa stefnanda á vegarstæði yfir land það, sem Stefán Karlsson átti hinn 29. sept. 1965 og var þá heimildarmaður að, frá landi stefnanda að vegi Jóhanns Sveinbjörnssonar, Snorrastöðum, er liggur vestan Vestari Stekkár frá þjóðvegi, enda reynist hið ávísaða vegarstæði, ef ágreiningur verður, eigi lakara að mati dómkvaddra manna en hið áður fyrirhugaða vegarstæði samkvæmt afsali, dags. 29. sept. 1965.

Á hendur Jóhanni Sveinbjörnssyni bónda, Snorrastöðum, er gerð sú krafa, að viðurkenndur verði umferðarréttur stefnanda um veg þann í landi hans (Jóhanns), er liggur frá þjóðvegi vestan

Vestari Stekkár að landi Stefáns Karlssonar, austan árinna.

Þá er gerð sú krafa á hendur Stefáni Karlssyni og Karli og Stefáni Stefánssonum, að þeir verði dæmdir in solidum til þess að greiða stefnanda málskostnað að skaðlausu samkvæmt mati hins virðulega dóms.

Áskilinn er réttur til þess í sérstöku máli að krefja stefndu Stefán Karlsson, Karl Stefánsson og Stefán Stefánsson in solidum um bætur fyrir allt það tjón, sem stefnandi hefur orðið fyrir af þeirra völdum.

Á hendur réttargæzlustefndum eru ekki gerðar neinar kröfur, en mótmælt er málskostnaðarkröfum þeirra svo og málskostnaðarkröfum Ólafs Haraldssonar og Jóhanns Sveinbjörnssonar, en ekki eru gerðar málskostnaðarkröfur á hendur þeim af hálfu stefnanda“.

Stefndu Stefán Karlsson, Karl Stefánsson og Stefán Stefánsson krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar samkvæmt gjaldskrá L. M. F. Í. Enn fremur krefjast þeir, að dæmd verði dauð og ómerk eftirfarandi ummæli í greinargerð stefnanda:

„Er hér augskýrlega um sýndargerning að ræða eða gerning gerðan beinlínis í því skyni að reyna að koma í veg fyrir, að réttmætar kröfur umbj. m. nái fram að ganga“.

Í öðru þinghaldi málsins lét lögmaður stefndu bóka kröfu um útivistardóm á hendur þrem réttargæzlustefndu og kröfu um málskostnað úr þeirra hendi, en við munnlegan flutning málsins voru þessar kröfur látnar falla niður.

Stefndi Ólafur Haraldsson krefst algerrar sýknu af stefnukröfum og málskostnaðar eftir texta Lögmannafélags eða mati dómsins.

Stefndi Jóhann Sveinbjörnsson mótmælir kröfum stefnanda sem ástæðulausum og óþörfum og krefst málskostnaðar að mati dómsins.

Réttargæzlustefndu Soffía Vilhjálmsdóttir og Anton Guðmundsson krefjast málskostnaðar að skaðlausu að mati réttarins.

Réttargæzlustefndu Rudolf Ásgeirsson og Sólborg Marinósdóttir krefjast málskostnaðar að skaðlausu og að vegarstæði verði ákveðið á eystri bakka Vestari Stekkár, eins og sýnt er á dómsskjali 27.

Réttargæzlustefndu Ingi B. Ársælsson, Snorri Halldórsson, Gunnar Snorrason og Sigurður Guðmundsson krefjast málskostnaðar að skaðlausu eftir mati réttarins. Enn fremur krefst Sigurður Guðmundsson viðurkenningar þess, að hann þurfi ekki að þola

vegarstæði að landi Starfsmannafélags Áburðarverksmiðjunnar á landspildu þeirri, sem liggur á milli eignarlands hans og Vestari Stekkár.

Aðrir réttargæzlustefndu gerðu ekki kröfur í málinu.

Stefnandi mótmælti málskostnaðarkröfum réttargæzlustefndu og sérstaklega þeirra, sem ekki mættu við þingfestingu.

Málsatvik. Stefndi Stefán Karlsson eignaðist 10 hektara lands úr jörðinni Snorrastöðum í Laugardalshreppi með kaupsamningi, dags. 20. júlí 1941, og afsali 12. september sama ár. Landinu er svo lýst, að það liggi „milli svonefndra Stekkáa, og skulu árfarvegirnir vera markalína landsins að vestan og austan, þar til ár þessar sameinast, og að norðan lína milli nefndra árfarvega, þar sem mæling á landinu segir til um, að línan eigi að vera“.

Úr þessari landspildu hefur stefndi Stefán leigt þrjár lóðir, þ. e. meðstefnda Ólafi Haraldssyni hálfan hektara vorið 1965 — en leigusamningur hefur ekki verið skjalfestur — og réttargæzlustefndu Soffíu Vilhjálmisdóttur og Antoni Guðmundssyni hálfan hektara hvoru til 40 ára með samningum, dags. 20. júní 1965. Lóðir þessar liggja saman að Eystri Stekká, neðst lóð Soffíu, þá lóð Antons og efst lóð Ólafs.

Enn fremur hefur stefndi Stefán selt sjö lóðir úr umræddu landi sínu, þ. e. stefnanda, Starfsmannafélagi Áburðarverksmiðjunnar, einn hektara með afsali 29. september 1965, réttargæzlustefndu Rudolf Ásgeirssyni og Sólborgu Marinósdóttur hálfan hektara með afsali 22. maí 1967, réttargæzlustefnda Sigurði Guðmundssyni 0.48 hektara með afsali 22. maí 1967, meðstefndu sonum sínum, Karli og Stefáni, einn hektara með afsali 30. júní 1967, réttargæzlustefndu Snorra Halldórssyni og Gunnari Snorrassyni 0.48 hektara með afsali 27. júlí 1967 og réttargæzlustefnda Inga B. Ársælssyni hálfan hektara með afsali 17. ágúst 1967, en lóðarafsal Ólafs Jónassonar liggur ekki fyrir í málinu.

Lóð stefnanda tekur við ofan við leiguland Ólafs Haraldssonar og afmarkast af Stekkánum að austan og vestan, af Snorrastaðalandi að norðan, en að sunnan þannig, að lóðin verði einn hektari.

Lóðir réttargæzlustefndu Rudolfs og Sólborgar, Ólafs Jónassonar, Inga B. Ársælssonar, Snorra Halldórssonar og Gunnars Snorrasonar og Sigurðar Guðmundssonar eru samfelldar neðan til í upphaflegri landspildu stefnda Stefáns, og liggja þessar lóðir hvergi nær Stekkánum en svo, að nægilega breitt vegarstæði er á milli lóðanna og áнна.

Lóð stefndu Karls og Stefáns Stefánssona nær frá mörkum

leigulóða Soffíu Vilhjálmisdóttur og Antons Guðmundssonar til suðvesturs að mörkum Snorrastaða í Vestari Stekká og skiptir þannig í tvennt því landi stefnda Stefáns, sem hann hefur ekki ráðstafað.

Í þegar nefndu lóðarafsali stefnanda svo og í áðurgerðum kaupsamningi um lóðina er svolátandi málsgrein: „Fyrirhuguð er breyting á aðkeyrslu að landinu þannig, að vegurinn verður lagður á vestari bakka Eystri Stekkár. Taka kaupendur þátt í kostnaði við vegargerð þessa að jöfnu á móti þeim öðrum, er veginn nota“.

Umboðsmenn stefnanda, þeir Kjartan V. Guðmundsson, Hvassaleiti 28, og Óli H. Þórðarson, Háaleitisbraut 49, báðir í Reykjavík, hafa lýst yfir því, að þeim hafi við undirskrift kaupsamnings og afsals fyrir umræddu landi verið kunnugt um áðurgreinda leigusamninga. Málsaðiljar eru sammála um, að við samningsgerðina hafi verið rætt um væntanlega afstöðu leigutaka til vegargerðarinnar, en stefndi Stefán Karlsson hafi talið, að samþykki þeirra fengist sjálfkrafa, og kveðast umboðsmenn stefnanda ekki hafa talið ástæðu til að tortryggja frásögn stefnda um þetta atriði.

Þegar til átti að taka, kom í ljós, að enginn hinna þriggja leigutaka vildi leyfa vegarlagningu yfir leiguland sitt á vestari bakka Eystri Stekkár. Eigandi Snorrastaða hefur heimilað málsaðiljum umferð um einkaveg sinn frá þjóðvegi að landi stefnda Stefáns, en stefndi hefur síðan gert leiðina akfæra áfram á vestari bakka Eystri Stekkár upp að leigulandi Soffíu Vilhjálmisdóttur, og við það situr. Eftir að ljóst var um afstöðu leigutakanna til vegarlagningar á vestari bakka Eystri Stekkár, skoruðu umboðsmenn stefnanda á stefnda Stefán Karlsson að vísa á annað vegarstæði, en til þess hefur hann verið ófáanlegur, þar eð hann kveður aldrei hafa verið um annað vegarstæði talað.

Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar höfðaði mál fyrir vettvangsdómi Árnessýslu gegn Stefáni Karlssyni með stefnu, útgefinni 2. nóvember 1966, og krafðist umferðarréttar yfir land hans að lóð sinni. Dómur í því máli var uppkveðinn 27. apríl 1968 og Stefáni gert skylt að vísa starfsmannafélaginu á viðunandi vegarstæði yfir land hans, en dóminum var áfrýjað til Hæstaréttar, sem kvað svo á, að samkvæmt gögnum málsins væri Stefáni skylt að veita starfsmannafélaginu aðstöðu til umferðar að landi sínu, en vegna formgalla á meðferð málsins og vanreifar var dómurinn ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi.

Stefnandi, Starfsmannafélag Áburðarverksmiðjunnar, hefur

með máli þessu hafizt handa af nýju um að leita réttar síns til umferðar að landi sínu og hefur í því skyni stefnt þeim Stefáni Karlssyni, Karli og Stefáni Stefánsson, Ólafi Haraldssyni og Jóhanni Sveinbjörnssyni auk réttargæzlustefndu, svo sem áður er rakið.

Orðalag bæði kaupsamnings og afsals fyrir lóð stefnanda tekur af öll tvímæli um það, að í kaupunum skyldi fylgja aðstaða til umferðar með venjulegum ökutækjum að lóðinni, enda er lega hennar þannig, að slíkur umferðarréttur hlaut að vera ein af forsendum kaupanna. Er þetta einnig í samræmi við afstöðu stefnda Stefáns Karlssonar gagnvart meðstefnda Ólafi Haraldssyni, en í réttarhaldi 14. nóvember 1969 kveðst Stefán á sínum tíma hafa lokað Ólafi umferðarrétti um sitt land, ef eigandi Snorrastaða lokaði leiðinni um hans land.

Við munnlegan flutning málsins var skýrt fram tekið af hálfu stefndu Karls og Stefáns Stefánssona, að þeir hefðu ekki keypt lóðina af föður sínum til þess að koma í veg fyrir, að stefnandi fengi umferðarrétt um landið, enda var þeim báðum kunnugt um fyrrnefnd málaferli og um hvað þau snerust. Var því yfirlýst af þeirra hálfu, að lóðarsalan til þeirra hafi engin áhrif á það, hvort faðir þeirra geti veitt stefnanda aðstöðu til umferðar að landi sínu eða ekki.

Stefndi Ólafur Haraldsson hefur í málinu lýst yfir því, að hann sé reiðubúinn til þess að láta stefnda Stefáni Karlssyni eftir vegarstæði á eystri bakka Vestari Stekkár með tilteknum skilyrðum, sem dómurinn metur eðlileg og aðgengileg.

Verður því að telja upplýst í málinu, að stefnda Stefáni Karlssyni sé í fyrsta lagi skylt að láta stefnanda í té aðstöðu til umferðar með venjulegum ökutækjum um land það, sem hann átti 29. september 1965, og í öðru lagi, að honum sé í lófa lagið að fullnægja þessari skyldu sinni.

Við munnlegan flutning málsins voru af hálfu beggja aðilja, stefnanda annars vegar og stefnda Stefáns Karlssonar hins vegar, lagðir fram uppdrættir, sem sýna tillögur þessara aðilja um vegarstæði að landi stefnanda. Stefnandi leggur til, að vegurinn verði lagður um lönd stefndu Stefáns Karlssonar, Karls og Stefáns Stefánssona og leiguland Ólafs Haraldssonar, alla leið á eystri bakka Vestari Stekkár, og hefur byggingarnefnd Laugardalshrepps fallizt á þessa tillögu fyrir sitt leyti með áritun á uppdráttinn. Stefnandi Stefán Karlsson leggur til, að vegur hans á vestari bakka Eystri Stekkár verði framlengdur upp með ánni

yfir leigulönd Soffíu Vilhjálmsdóttur, Antons Guðmundssonar og Ólafs Haraldssonar. Í greinargerð (dómsskj. 9) áskilur stefndi Stefán sér rétt til þess að stefna nefndum þrem leigutökum til þess að sæta því, að vegur að landi stefnanda verði lagður yfir lönd þeirra, þ. e. á vestari bakka Eystri Stekkár, hæfilega breiður eftir mati réttra skipulagsyfirvalda í Laugardalshreppi. Stefndi hefur ekki hafizt handa um slíka málssókn, enda grein gert fyrir því, á hvern hátt hann hygðist koma tillögu sinni í framkvæmd gegn eindregnum vilja leigjenda lóðanna, og ekki lagt fram upplýsingar um afstöðu skipulagsyfirvalda Laugardalshrepps til þessarar tillögu.

Tillaga stefnanda á dómsskj. 27 um vegarstæði var lögð fram með öðrum skjalfestum dómkröfum hans í málinu, og lítur dómurinn á tillöguna sem hluta af þeim. Framkvæmd sú, sem mál þetta snýst um, er háð samþykki byggingarnefndar Laugardalshrepps, sem er skipulagsskyldur. Byggingarnefndin hefur fallizt á tillögu stefnanda, en engar aðrar framkvæmanlegar tillögur málinu til úrlausnar hafa komið fram.

Dómurinn lítur svo á, að stefndu Stefáni Karlssyni, Karli og Stefáni Stefánssonum sé skylt að þola umferð og vegargerð af hálfu stefnanda samkvæmt tillögu hans og í samræmi við uppdrátt á dómsskjali 27 og Stefáni Karlssyni sé skylt að viðlögðum dagsektum, sem þykja hæfilega ákveðnar 500 krónur, að afla stefnanda réttar til umferðar og vegargerðar yfir land stefnda Ólafs Haraldssonar, sem, eins og áður segir, hefur gefið kost á slíku með aðgengilegum kjörum.

Stefnandi hefur hins vegar ekki rökstutt, að stefnda Ólafi Haraldssyni sé skylt að þola umferð um leiguland sitt eða láta í té vegarstæði án samnings, og verður hann því sýknaður af kröfum stefnanda.

Stefnandi hefur heldur ekki rökstutt, að stefnda Jóhanni Sveinbjörnssyni sé skylt að þola umferð um einkaveg hans án samnings, og verður hann því einnig sýknaður af kröfum stefnanda.

Ómerkingarkröfu stefndu Karls og Stefáns Stefánssona ber að taka til greina með tilliti til afstöðu þeirra í málinu, sem lýst er hér að framan, en hin tilfærðu ummæli voru viðhöfð um útgáfu lóðarafsals stefnda Stefáns Karlssonar til nefndra sona hans.

Hæfilegt þykir, að stefndu Stefán Karlsson, Karl og Stefán Stefánssynir greiði in solidum stefnanda kr. 40.000.00 í málskostnað, en stefnandi greiði í málskostnað stefnda Ólafi Haraldssyni kr. 7.500.00 og stefnda Jóhanni Sveinbjörnssyni kr. 2.500.00.

Ekki þykja efni til þess að dæma réttargæzlustefndu málskostnað, enda hafa kröfur ekki verið hafðar uppi í málinu á hendur þeim.

Dómsorð:

Stefnandi skal í samræmi við framlagðan uppdrátt á dómskjali 27, sem byggingarnefnd Laugardalshrepps hefur fallizt á, hafa umferðarrétt um lönd stefndu Stefáns Karlssonar, Karls og Stefáns Stefánssona meðfram Vestari Stekká upp að leigulandi stefnda Ólafs Haraldssonar og rétt til að gera þessa leið akfæra bifreiðum.

Stefndi Stefán Karlsson skal innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlögðum 500 króna dagsektum afla stefnanda réttar til umferðar og vegarlagningar um leiguland Ólafs Haraldssonar.

Tilgreind ummæli í greinargerð lögmanns stefnanda eiga að vera dauð og ómerk.

Stefndu Stefán Karlsson, Karl og Stefán Stefánssynir greiði in solidum stefnanda kr. 40.000.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi Ólafur Haraldsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda. Stefnandi greiði honum kr. 7.500.00 í málskostnað innan 15 sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefndi Jóhann Sveinbjörnsson á að vera sýkn af kröfum stefnanda. Stefnandi greiði honum kr. 2.500.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Málskostnaðarkröfur réttargætlustefndu eru ekki teknar til greina.